

LÖG

um

36
31. maí**breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfjasöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rjett hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegum á þessum vörum handa sjúkrahúsum. Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín nje ómengaðan spíritus.

Nánari reglur um starfssvið og starfsemi forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25%—75%, miðað við verð þess komið í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.